

Ytra mat grunnskóla

Auðarskóli

Október 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Dalabyggð.

Höfundar: Gunnhildur Harðardóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2614-3

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Auðarskóli.....	8
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	11
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	12
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	13
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	14
Þáttur 2 – Nám og kennsla	16
2.1 Inntak og námskrá	16
2.2. Árangur náms	16
2.3 Gæði kennslu.....	19
2.4 Skipulag náms.....	20
2.5 Námsvitund	22
2.6 Ábyrgð og þátttaka	22
Þáttur 3 – Innra mat	24
3.1 Skipulag.....	24
3.2 Framkvæmd.....	24
3.3 Umbætur	24

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Auðarskóla í Dalabyggð sem fór fram í október 2020. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og sveitastjórn að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólastjórnendur vinna að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu.
- Ábyrgð og verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós.
- Stefna aðalnámskrár er sýnileg í stefnu skólans.
- Skólastjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu meðal annars með jákvæðum fréttaflutningi.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna.
- Litið er á starfsmannahópinn sem eina liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Starfsfólk er almennt sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.
- Stjórnendur funda reglulega.
- Skólasamfélagið hefur sameinast um verklag varðandi farsímanotkun nemenda í skólanum.
- Sveitarfélagið og stjórnendur fylgjast með því að aðbúnaður í skólanum sé öruggur og unnið sé að úrbótum.
- Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma er skylt að skrifa undir trúnað.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að aðkomu hagsmunaaðila svo sem skólaráðs við stefnumótun skóla og sveitarfélags og kynna sýn og stefnu skólans fyrir hagsmunaaðilum.
- Vinna þarf með einkunnarorð og sérstöðu skólans á þann hátt að þau séu öllum hagsmunaaðilum ljós.
- Birta námsvísa í öllum námsgreinum.
- Gera þarf nemendur meðvitaðri um grunnþætti menntunar.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Huga að aðkomu hagsmunaaðila við endurskoðun skólareglna.
- Skólaráð haldi formlegan fund fyrir skólasamfélagið samkvæmt reglugerð þar um.
- Starfsáætlun skólaráðs þarf að gera fyrir skólaárið 2020-2021.
- Stjórnendur sjái um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk.
- Birta þarf símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 á heimasíðu skólans.
- Skrá þarf mat og framgang þróunarvinnu ásamt fundargerðum og gera opinberar á heimasíðu skólans.
- Samskipti við grenndarsamfélagið þurfa að vera skráð.
- Séð verði til þess að fulltrúar grenndarsamfélagsins séu virkir þátttakendur í skólaráði og á öðrum þeim vettvangi sem býðst.

- Ígrunda þarf hvað veldur skoðun foreldra á stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við.
- Leita þarf leiða til að fá fram hugmyndir og tillögur foreldra um skólastarfið.
- Gera heimasíðu aðgengilegri fyrir notendur.
- Auka þarf upplýsingastreymi á milli allra starfshópa innan skólans.
- Gera þarf upplýsingahandbók fyrir nýtt starfsfólk.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum og hefur vellíðan í skóla aukist frá síðasta ári.
- Kennslufræðileg hæfni og fagmennska kennara var sýnileg í vettvangsathugun.
- Nemendur eru almennt virkir og áhugasamir í kennslustundum.
- Boðið er upp á nemendasamtöl tvisvar sinnum á skólaárinu.
- Stuðningur við nemendur er mikill og fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar.
- Fylgst er með árangri og framförum nemenda og halda kennarar utan um að skrá árangur í Mentor.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Komið er til móts við bráðgera nemendur.
- Nemendur nýta upplýsingatækni á ýmsan hátt í kennslustofunni.
- Samstarf er við aðra grunnskóla um valgreinar á unglingsstigi.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra og samræma námsvísa á námskrárvef skólans og í Mentor.
- Kynna betur hæfniviðmið og námsmat fyrir nemendum og foreldrum.
- Gera nemendum betur grein fyrir þeim hæfniviðmiðum sem þeir standa frammi fyrir.
- Tilgreina í námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttáð í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Vinna á markvissan hátt með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda.
- Skoða þarf niðurstöður Lesferils og finna leiðir til að efla lesfimi.
- Finna leiðir til að efla árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum með áherslu á stærðfræði.
- Gera betur grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá.
- Skólinn móti sér stefnu sem leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta.
- Nýta betur samþættingu námsgreina til meiri fjölbreytni og nýsköpunar í kennsluháttum.
- Gæta að því að fram komi í verkefnalýsingum hvaða hæfniviðmið nemendur séu að vinna með hverju sinni og að gera þeim grein fyrir hver viðmið um árangur eru.
- Leggja meiri áherslu á að allir nemendur skólans fái markvissa kennslu í setja sér markmið í námi og geri það reglulega.
- Leggja áherslu á að nemendur fái markvissa kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- Auka þarf markvisst samvinnu nemenda.
- Setja þarf meiri ábyrgð á nemendur varðandi val á viðfangsefnum, útfærslu á verkefnum og námsaðferðum.
- Skipuleggja betur tíma stuðningsaðila þannig að hann nýtist sem best.

- Gæta þarf þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.
- Tryggja öllum nemendum skólans tónmenntakennslu í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Huga þarf að því að nemendur í tónlistarskólanum missi ekki ávallt af kennslustundum í sama fagi.
- Sjá þarf til þess að upplýsingar um ákvarðanir nefnda og ráða sem nemendur eru kjörnir í séu aðgengilegar öðrum nemendum.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægt og það er samofið daglegu skólstarfi.
- Mat á námi, líðan og framförum nemenda fer fram reglulega með formlegum og óformlegum hætti.
- Fyrir liggur langtímaáætlun um innra mat til ársins 2026.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, skimana og kannana við innra mat.
- Gagnaöflunarleiðir eru fjölbreyttar.
- Tímasettar áætlanir um innra mat ásamt viðmiðum um gæði er til staðar í áætlunum og tekið er fram hver markmið, viðmið, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og þátttakendur eru.
- Á heimasíðu skólans eru eldri matsskýrslur aðgengilegar.
- Niðurstöður innra mats eru markvisst kynntar fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Kynna formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum innra mat skólans.
- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Virkja foreldra og nemendur til undirbúnings og útfærslu innra mats ásamt umbóta og þróunarvinnu.
- Meta stefnu skólans reglulega með markvissum hætti.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Auðarskóli

Auðarskóli hefur verið starfræktur frá 1. ágúst 2009 en þá voru allar skólastofnanir í sveitarfélaginu Dalabyggð sameinaðar undir eina yfirstjórn. Undir Auðarskóla falla eftirtaldar fjórar deildir; leikskóli, tónlistarskóli, grunnskóli og mótuneyti. Skólinn er samrekinn skóli og er staðsettur í Búðardal sem er eini þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Starfsemi skólans byggist á lögum um leik- og grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008, en þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leik-, grunn- og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra.

Haustið 2018 fór öll starfsemi skólans í Búðardal. Húsnæði leikskólans var byggt árið 2009 og þar fer öll starfsemi leikskóladeildar fram en nemendur grunnskólans eru í húsnæði fyrrum grunnskóla Búðardals sem byggt var á árunum 1975 til 1983. Mótuneyti, tónlistarskóli og íþróttaaðstaða eru í félagsheimilinu Dalabúð sem staðsett er á milli grunn- og leikskólans. Nafnið Auðarskóli var ákveðið í kjölfar nafnasamkeppni sumarið 2009.

Gildi Dalabyggðar eru jákvæðni, virðing og framsækni en auk þeirra hefur Auðarskóli valið sér sín gildi sem eru *ábyrgð, ánægja og árangur*.

Á haustönn árið 2020 stunda 81 nemandi nám við skólann. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum/samkennsluhópum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	
Fjöldi nemenda	7	5	11	5	4	8	11	13	1	7	
Fjöldi bekkjardeilda	1	1		1			1				
Fjöldi í samkennsluhópi		21			23			30			

Stjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sem telst til starfsmanna leikskólans.

Starfsmenn Auðarskóla eru 24. Kennarar eru ellefu, þar af einn sérkennari. Af kennurum eru fjórir leiðbeinendur. Stöðugildi við kennslu eru rúmlega tíu. Stöðuhlutfall starfsfólks við kennslu er frá 15-100%. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru sjö í fimm stöðugildum.

Við skólann er starfandi frístund sem skólastjóri ber ábyrgð á.

Fjórir nemendur hafa íslensku sem annað tungumál og fjórtán nemendur eru með einstaklingsnámsskrá og/eða aðlagað námsefni. Engin nemandi stundar nám á öðru skólastigi þessa önn.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2019-2020 eftir bekkjum (ekki vegna Covid-19)

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	6	6	6	6	7	7	7	8	8	8

Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var alveg lokað í einn dag vegna Covid–19 en dagleg kennsla var á eftirfarandi hátt á vormánuðum 2020:

- 1.- 4. bekk var kennt í 6 stundir á dag í 25 daga í skólanum.
- 5.-7. bekk var kennt í 6 stundir á dag í átta daga í skólanum og í 17 daga í fjarkennslu. Kennslugreinar voru; íslenska, stærðfræði, danska, enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, íþróttir, upplýsinga- og tæknimennt.
- 8.-10. bekk var kennt í fjarkennslu í 25 daga og kennslugreinar voru; íslenska, stærðfræði, danska, enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, íþróttir, upplýsinga- og tæknimennt.

Kennsla féll niður í 25 daga í heimilisfræði, textílmenn, myndmennt og smíði. Fjarkennslu var haldið úti í íþróttum.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

Ytra mat á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis var gert á skólastarfi Auðarskóla árið 2012. Niðurstöður matsins sýndu styrkleika skólans ásamt umbótaþáttum. Á heimasíðu skólans má finna sjálfsmatsskýrslur og/eða umbótaáætlanir frá árinu 2012 þar sem ýmsir þættir hafa verið listaðir upp og gerðar tillögur að leiðum til umbóta.

Skýrsluna frá 2012 er meðal annars að finna á heimasíðu skólans á slóðinni:

https://docs.google.com/viewer?url=http://www.audarskoli.is/uploads/6/4/1/9/6419647/matsskrsla_auarskli_v6.pdf

Í þessari skýrslu verður fjallað um þá umbótaþætti sem ekki hafa náð að festa sig í sessi frá fyrra mati og þarfnast því enn umbóta.

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár. Starfsáætlun skólans uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár og er uppfærð reglulega. Sýn og stefnu skólans er gerð skil í starfsáætlun skólans. Stefnu skólans er ekki að finna í heildstæðu skjali. Á heimasíðu skólans má finna einkunnarorð ásamt upplýstun á stefnumiðum og gildum sem unnið er eftir.

Gildandi skólafélagssveitarfélagsins er frá árinu 2019 og gildir til ársins 2022. Stefnan er sambærileg fyrri stefnu sveitarfélagsins að mestu leyti en framkvæmdaáætlun hefur verið bætt við stefnuna. Umfjöllum um mat á framgangi er ekki að finna. Ekki er getið um hver aðkoma hagsmunaaðila er að stefnumótun.

Stefna aðalnámskrár, þar með talið grunnþættir menntunnar, er sýnileg í stefnu skólans, en samkvæmt rýnihópaviðtali við nemendur eru þeir ómeðvitaðir um grunnþættina og hvernig birting þeirra er í náminu.

Stjórnendur skólans hafa forystu um að móta stefnu og sýn skólans ásamt ákvarðanatöku en samráð og aðkoma allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins að þessum þáttum hefur ekki verið nýtt með formlegum hætti síðan skólaþing voru aflögð. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Fram kom í rýnihópaviðtölum nemenda og starfsmanna að einkunnarorð skólans eru ekki öllum ljós. Einnig kom fram að sérstaða skólans er ekki nægilega skýr í vitund starfsmanna og nemenda. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Í daglegu tali og fréttáflutningi leggja stjórnendur skólans áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna innan og utan skóla. Símenntunaráætlun skólans frá síðasta skólaári er sjálfstætt skjal á heimasíðu og tekur mið af áherslum skólans. Innan símenntunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar. Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 er ekki að finna á heimasíðu skólans.

Stjórnendur hvetja starfsmenn til faglegs samstarfs og lögð er áhersla á teymiskennslu. Reglulega eru samstarfsfundir þar sem fagleg umræða um nám og kennslu fer fram. Starfsmannafundir eru einnig haldnir reglulega og eru meðal annars nýttir til að fara yfir niðurstöður innra gæðamats er snýr að árangri, framförum og líðan nemenda til eflingar á skólastarfinu. Fundaáætlun fyrir önnina liggur fyrir.

Í rýnihópum starfsmanna kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild. Að öllu jöfnu telja starfsmenn að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum.

Í viðtölum við starfsmenn skólans kom fram að upplýsingastreymi sé á stundum ábótavant og að mikilvægar upplýsingar berist ekki til alls hópsins. Sem dæmi telja stuðningsfulltrúar sig skorta upplýsingar um úrvinnslu mála sem unnið er að og kennarar telja að upplýsingagjöf á milli námsstiga megi bæta. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Matsmenn Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið. Um 50% foreldra svöruðu könnunni. Fram kom að tæpur helmingur svarenda telur að þeim hafi markvisst verið kynnt sýn og stefna skólans en aðeins fjórðungur svarar því til að þeir hafi tekið þátt í að móta eða endurskoða sýn skólans. Í ytra matsskýrslu frá árinu 2012 kemur fram að skólastefnan sé ekki mjög þekkt meðal foreldra eða hjá öðrum hagsmunaaðilum.

Tæplega helmingur foreldranna sem svara eru mjög eða frekar sammála því að skólanum sé vel stjórnað.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur vinna að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið og skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Leitað er eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnunum sem gerðar eru á vegum skólans. Að öðru leyti er ekki markvisst leitað eftir hugmyndum foreldra en samkvæmt skólastjóra er leitað til þeirra þegar um stórar ákvarðanatökur sem snerta skólastarfið er að ræða.

Í áðurnefndri könnun á vegum Menntamálastofnunar voru foreldrar spurðir hvort þeir væru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar á heildina er litið er ég ánægð/ur með skólann“ og rúmlega helmingur var sammála. Rúmlega 74% foreldra voru mjög eða frekar sammála því að barnið nyti sanngirni og virðingar í skólastarfinu og um 87% foreldra voru mjög eða frekar sammála því að barnið væri hvatt til þess að leggja sig fram í náminu og fengi nægilegar áskoranir.

Foreldrar voru spurðir hvort leitað væri til þeirra eftir tillögum eða hugmyndum sem snerta skólastarfið. Þriðjungur svöruðu því til að þeir væru frekar eða mjög sammála. Rúmlega helmingur svarenda er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar ég kem með ábendingar til skólans er þeim vel tekið“. Rúmlega 59% svara því til að ekki hafi verið leitað eftir þeirra sjónarmiðum um starf skólans með könnunum eða í rýnihópum. Í ytra matsskýrslu frá árinu 2012 kemur fram að foreldrar virðist ekki gera sér almennilega grein fyrir með hvaða hætti er leitað til þeirra eftir ábendingum.

Þegar foreldrar voru inntir eftir því með opinni spurningu hvernig skólinn gæti leitað eftir sýn og hugmyndum þeirra til að efla skólastarfið svöruðu þeir því til að halda mætti rýnihópafundi, finna leiðir til að efla foreldrafélagið, virkja skólaráð til meiri þátttöku, hlusta betur á raddir foreldra og boða til örfunda með foreldrum á Teams.

Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð og fundar tvisvar sinnum á ári. Starfsáætlun skólaráðs liggur ekki fyrir. Samkvæmt fundargerðum skólaráðs og í viðtölum kemur fram að fyrst og fremst er um upplýsingafundi að ræða og að skólaráð komi ekki að gerð áætlana og reglna en geti komið með ábendingar. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Skólaráð hefur ekki haldið formlegan opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og mælt er til í reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2002.

Upplýsingar um stoðþjónustu skólans er að finna í starfsáætlun skólans fyrir árið 2020-2021. Þar koma fram almennar upplýsingar um þau úrræði sem standa nemendum til boða. Samkvæmt niðurstöðum könnunnar Menntamálastofnunar svarar helmingur foreldra því til að þeim hafi verið kynnt stoðþjónusta skólans og með hvaða hætti sérstökum stuðningi við nemendur sé háttað.

Auðarskóli er í samstarfi við Menntaskóla Borgarfjarðar í gegnum framhaldsdeild skólans í Búðardal um framhaldsnám elstu nemenda skólans. Markmiðið er að gefa nemendum kost á að hefja nám á framhaldsskólastigi áður en þeir hafa lokið grunnskólanámi. Einnig er skólinn í samstarfi við grunnskóla á svæðinu.

Samstarf við grenndarsamfélagið er ekki til skráð en fram kom í viðtölum að það sem er til staðar sé fremur óformlegt og birtist helst í gegnum leikskólann, íþróttafélögin og heimsóknir nemenda á elliheimilið. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Lengd viðvera er við skólann fyrir nemendur í 1.-4. bekk og nemendur af miðstigi sem bíða eftir skólabílum. Starfsmenn eru skólaliðar/stuðningsfulltrúar við skólann en stjórn lengdrar viðveru heyrir undir skólastjóra. Upplýsingar um lengda viðveru er að finna í starfsáætlun skólaársins.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjórnenda og annarra starfsmanna. Ýmsar skimanir og kannanir, svo sem Lesferill og samræmd könnunarpróf, eru lögð fyrir nemendur ásamt viðhorfskönnunum til að meta ferli og árangur skólastarfsins. Einnig eru kannanir lagðar fyrir starfsmenn og foreldra.

Skólaárið 2020-2021 verður hafin vinna við innleiðingu á stefnu er snýr að agamálum. Vinnu við læsisstefnu er ný lokið en stefnan gildir frá árinu 2020 til ársins 2022 og er að finna á heimasíðu skólans. Við skólann eru nú starfandi fjögur þróunarteymi; innramatsteymi, agastefnuteymi, stærðfræðiteymi og Heilsueflandi skóli en það verkefnið hefur ekki náð fótfestu í skólanum. Starfsmannafélag skólans hefur boðið upp á jóga, gönguhópa og ýmislegt annað sem snýr að heilsueflingu starfsmanna.

Framgang þróunarvinnu, mat á verkefnum og fundargerðir er ekki að finna í opinberum gögnum skólans.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um starfsemi skólans er að finna á heimasíðu en erfitt getur reynst að finna gögn inni á síðunni. Fram kom í svörum foreldra í könnun Menntamálastofnunar að tæplega 56% voru mjög eða frekar sammála því að heimasíða skólans sé virk og innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.

Skólanámskrár Auðarskóla er að hluta til að finna í starfsáætlun og á námskrárvef skólans en þar eru einnig námsvísar birtir. Námsvísur er skipt niður eftir námsstigum, það er að segja, yngsta stig, miðstig og elsta stig. Undir hverju skólastigi má finna námsgreinarnar sem kenndar eru á stiginu en ekki er búið að birta námsvísa í öllum námsgreinum. Gera þarf skólanámskrá skólans aðgengilegri þannig að hún nýtist öllum hagsmunaaðilum. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Starfsfólk er almennt sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt. Eins og fyrr segir kom fram í rýnihópum starfsfólks og kennara að efla þurfi upplýsingaflæði innan skólans og að mikilvægar upplýsingar berist ekki til starfsmanna og snýr það meðal annars að skyndilegum breytingum á dagsskipulagi. Einnig kom fram að skráðir ferlar um verklag eða vinnuferlar varðandi ágreiningsmál starfsmanna er ekki til staðar.

Almennar skólareglur er að finna á heimasíðu skólans ásamt ferli agamála og voru þær síðast uppfærðar árið 2017 en eins og fyrr segir er verið að vinna að stefnumótun er snúa að agamálum.

Skólasamfélagið hefur sameinast um verklag varðandi farsímanotkun nemenda í skólanum en á vettvangi voru farsímar ekki sýnilegir í kennslustundum hvorki í námi né til afþreyingar. Viðurlög við brotum á símareglum er að finna á heimasíðu skólans.

Nemendafélag er við skólann og í starfsáætlun kemur fram að nemendur ákveði sjálfir með hvaða hætti skipað er í stjórn félagsins. Þá kemur einnig fram að tveir fulltrúar nemenda sitji í skólaráði.

Stjórnendur, í samstarfi við sveitarfélagið, fylgjast með því að aðbúnaður í skólanum sé öruggur og unnið sé að úrbótum. Verktökum og öðrum sem starfa tímabundið í skólanum er skylt að skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu. Nemendur hafa fengið fræðslu um netöryggi.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjórnendur vinna að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu. Við stjórnun skólans eru auk skólastjóra aðstoðarskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Ábyrgð og verkaskipting stjórnenda er skýr og má finna á heimasíðu skólans og öllum aðgengileg. Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.

Skólastjórnendur fylgjast óformlega með störfum allra starfsmanna. Fram kom í rýnihópaviðtölum að starfsfólki sé hrósað fyrir vel unnin störf. Leitast er við að skipa kennslu þannig að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best.

Samkvæmt viðtölum við starfsmenn eru regluleg starfsmannaviðtöl einu sinni á ári og vel er tekið á móti nýju starfsfólki. Nýliðahandbók er ekki til staðar.

Starfslýsingar skólaliða og stuðningsfulltrúa er að finna á heimasíðu skólans.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sinna eigin starfsþróun. Mannauður er vel nýttur og stjórnendur dreifa ábyrgð á verkefnum er snúa að skólastarfinu. Í rýnihópaviðtölum kom fram að starfsmenn njóti trausts og beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum. Fram kom að starfsfólk fær hvatningu og umboð til sinna starfa frá stjórnendum. Starfsfólki er veitt svigrúm til starfsþróunar.

Styrkleikar

- Skólastjórnendur vinna að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu.
- Ábyrgð og verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós.
- Stefna aðalnámskrár er sýnileg í stefnu skólans.
- Skólastjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu meðal annars með jákvæðum fréttaflutningi.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna.
- Litið er á starfsmannahópin sem eina liðsheilid þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Starfsfólk er almennt sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.
- Stjórnendur funda reglulega.
- Skólasamfélagið hefur sameinast um verklag varðandi farsímanotkun nemenda í skólanum.
- Sveitarfélagið og stjórnendur fylgjast með því að aðbúnaður í skólanum sé öruggur og unnið sé að úrbótum.
- Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma er skylt að skrifa undir trúnað.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að aðkomu hagsmunaaðila svo sem skólaráðs við stefnumótun skóla og sveitarfélags og kynna sýn og stefnu skólans fyrir hagsmunaaðilum.
- Vinna þarf með einkunnarorð og sérstöðu skólans á þann hátt að þau séu öllum hagsmunaaðilum ljós.
- Birta námsvísa í öllum námsgreinum.
- Gera þarf nemendur meðvitaðri um grunnþætti menntunar.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Huga að aðkomu hagsmunaaðila við endurskoðun skólareglna.
- Skólaráð haldi formlegan fund fyrir skólasamfélagið samkvæmt reglugerð þar um.
- Starfsáætlun skólaráðs þarf að gera fyrir skólaárið 2020-2021.
- Stjórnendur sjái um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk.
- Birta þarf símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 á heimasíðu skólans.
- Skrá þarf mat og framgang þróunarvinnu ásamt fundargerðum og gera opinberar á heimasíðu skólans.
- Samskipti við grenndarsamfélagið þurfa að vera skráð.
- Séð verði til þess að fulltrúar grenndarsamfélagsins séu virkir þátttakendur í skólaráði og á öðrum þeim vettvangi sem býðst.
- Ígrunda þarf hvað veldur skoðun foreldra á stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við.
- Leita þarf leiða til að fá fram hugmyndir og tillögur foreldra um skólastarfið.

- Gera heimasíðu aðgengilegri fyrir notendur.
- Auka þarf upplýsingastreymi á milli allra starfshópa innan skólans.
- Gera þarf upplýsingahandbók fyrir nýtt starfsfólk.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Dalabyggðar er eins og fyrr segir frá árinu 2019 og var sett fram til þriggja ára ásamt framkvæmdaráætlun. Skólastefna Auðarskóla tekur mið af skólastefnu Dalabyggðar en þar er meðal annars lögð áhersla á fjölbreytni í kennsluháttum og að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda á öllum skólastigum þannig að möguleikar þeirra til náms nýtist sem best. Nemendum Auðarskóla er skipt í námshópa þvert á bekki sem gefur þeim möguleika á að vinna á sínum hraða og venjast mismunandi áherslum hjá öðrum nemendum í sama námshópi.

Námsvísar eru aðgengilegir á námskrárvef grunnskóladeildar skólans og verkefni og hæfniviðmið eru aðgengileg á Mentor. Námsvísar endurspeglar að hluta áherslur stjórnvalda svo sem um hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla. Uppfæra þarf upplýsingar í námsvísu á námskrárvef og samræma þær við upplýsingar í Mentor. Sérstakur kafli er um grunnþætti menntunar á síðunni og upplýsingar um lykilhæfni er þar að finna en gera þarf þeim betri skil í námsvísu. Námsvísar eru kynntir fyrir nemendum og foreldrum að hausti og þeir hvattir til að nýta sér þá. Samkvæmt niðurstöðu foreldrakönnunar Menntamálastofnunar eru 84% foreldra meðvitaðir um hvernig þeir geti fylgst með árangri barna sinna en kynna þarf betur hæfniviðmið fyrir nemendum og foreldrum en nokkuð bar á því að þeir vissu ekki hvar þau væru að finna, hvorki á heimasíðu skólans né á Mentor. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Sérstakur stuðningur við nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar en gera þarf heildaráætlun um stoðþjónustu skólans en sú ábending kom einnig fram 2012. Stuðningur við einstaka nemendur er mikill en betur má skilgreina og skipuleggja tíma stuðningsaðila og nýta á þann hátt mannauðinn betur. Stuðningur við nemendur sem víkja frá aðalnámskrá er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá. Tilgreina þarf í námsvísu hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni fyrir sig.

2.2. Árangur náms

Í skólastefnu Dalabyggðar kemur fram að eitt af gildum Auðarskóla sé árangur og hann sé hafður að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Fylgst er með árangri og framförum nemenda og halda kennarar utan um að skrá árangur í Mentor. Tæplega 87% foreldra voru mjög eða frekar sammála því að kennari fylgdist með námi barna þeirra í skólanum og um 68% voru mjög eða frekar sammála því að barn þeirra tæki stöðugum framförum í náminu og að þeir fengju góðar upplýsingar um árangurinn. Aðstoðarskólastjóri rýnir í samræmd könnunarpróf og er það á hendi sérkennara að fylgjast með og skrá árangur vegna nemenda sem eru með einstaklingsnámskrá. Í rýnihópi kom fram að unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda en það mætti gera reglulegar og með markvissari hætti.

Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni er skráð á námskrárvef skólans en uppfæra þarf hluta af upplýsingum þar og samræma við upplýsingar í Mentor. Matskvörðum eru að hluta gerð skil á námskrárvef skólans en mætti gera betur grein fyrir viðmiðum en sú ábending kom einnig fram í ytra mati 2012. Hjá nemendum í 1.-9. bekk eru gefin tákni fyrir hvort hæfni sé náð eða ekki. Táknin merkja *framúrskarandi, hæfni náð, þarfnast þjálfunar eða hæfni ekki náð*. Við lok 10. bekkjar eru nemendum gefnir bókstafir frá A-D og gefin er útskýring á hvað stafir þýði fyrir framhaldsnám nemenda. Einkunnargjöf með þessum hætti er í þróun ásamt vinnu með hæfniviðmið.

Líðan nemenda er könnuð með rafrænum spurningarlistum sem innra matsteymi Auðarskóla hefur unnið að. Í líðan könnuninni sem lögð var fyrir nemendur í 4.-10. bekk í september 2020 kom fram að 95% nemenda líður nokkuð, frekar eða mjög vel í kennslustundum og almennt í skólanum og er það 5% aukning frá árinu áður. Samkvæmt könnun Menntamálastofnunar telja 80% foreldra að börnum þeirra líði mjög eða frekar vel í skólanum.


Í nemendakönnun skólans voru nemendur spurðir um líðan í frímínútum og svöruðu 97% því til að þeim líði frekar eða mjög vel og hefur það einnig farið uppá við frá árinu áður. Um 2% nemenda upplifa að þeir séu lagðir í einelti í skólanum og bætir skólinn þar stöðu sína um 5% frá skólaárinu 2019-2020. Samkvæmt svörum foreldrakönnunar Menntamálastofnunar svöruðu rúmlega 61% foreldra því til að þeir væru mjög eða frekar sammála því að barni þeirra þætti gaman í skólanum.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnarkvarðiinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðiinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30.


Hér er samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu.

Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk í stærðfræði árið 2013 var yfir landsmeðaltali en hefur dalað og er á árunum 2017-2019 komin undir landsmeðaltal. Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk í íslensku var undir landsmeðaltali á árunum 2013-2016 en var svo yfir landsmeðaltali á árunum 2017-2019 (mynd 1).




Mynd 1. Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk í stærðfræði er frá árunum 2013-2019 undir landsmeðaltali. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk í íslensku var yfir landsmeðaltali árið 2013 en dalaði á árunum 2014-2016 og fór þá undir landsmeðaltal. Frá árinu 2017-2019 hefur árangur nemenda í 7. bekk í íslensku batnað og er rétt ofan við landsmeðaltal. Vakin er athygli á muninum á árangri nemenda í íslensku og stærðfræði árið 2013 og aftur árin 2017-2019 en þar má sjá að nemendur eru að ná betri árangri í íslensku en stærðfræði (mynd 2).



Mynd 2. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur nemenda í 9. bekk í ensku og íslensku á árunum 2017-2020 er undir landsmeðaltali. Bestur árangur var í stærðfræði á árunum 2018-2020 og er hann þá rétt undir meðaltali (mynd 3).



Mynd 3. Uppsafnaður árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum

Auðarskóli notast við matstækið Lesferil (matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis) þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Niðurstöður á myndrænu formi af Lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda í árgangi er undir viðmiðum um birtingu. Meðaltal lesinna orða nemenda var í september undir landsmeðaltali í öllum árgöngum.


2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi í 27 kennslustundum hjá öllum námshópum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundir voru metnar góðar, ein frábær og nokkrar sem þörfuðust úrbóta.

Kennslustundir eru skráðar úr frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir helst fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er þá í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Í 89% kennslustunda sem matsmenn sátu voru kennslustundir fræðandi þar sem kennari lagði inn verkefni og nemendur fóru að vinna eftir fyrirmælum kennara. Í 11% kennslustunda var um að ræða blandaða kennsluhætti en engin kennslustund var einungis leiðbeinandi (mynd 4).

Kennslufræðileg hæfni og fagmennska kennara var sýnileg í vettvangsathugun en kennarar eru þó ekki að nýta að fullu það svigrúm til fjölbreytni í kennsluháttum sem þeir ættu að geta með samkennslu árganga, litlum námshópum og góðum stuðningi. Skólinn þarf að móta sér stefnu í kennsluháttum og finna leiðir að settu marki. Ábending um að huga þyrfti að fjölbreyttari kennsluháttum kom einnig fram í ytra mati 2012.



Mynd 4. Kennsluhættir

Skipulag kennslu og verkefna var almennt gott og hafa nemendur á unglingastigi aðgang að markmiðum á Mentor en í miklum meirihluta þeirra stunda sem matsmenn heimsóttu var nemendum hvorki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni en misjafnt er eftir námsgreinum hvort þeir fái viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.

Mikil vinna hefur verið lögð í námsmat í Auðarskóla. Námsmat er, samkvæmt rýnihópum kennara og nemenda, fjölbreytt og er notast við símat, sjálfsmat, jafningjamat og leiðsagnarmat, svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt og nauðsynlegt er að styðja áfram við kennara í þeirri vinnu sem lögð hefur verið í námsmat svo þeir fái betri yfirsýn yfir matið og verkefnið og nái að samræma það við kennsluhætti. Í samtölum við kennara kom fram að þeir þyrftu áframhaldandi stuðning við innleiðingu á hæfniviðmiðum og tengingu þeirra við námsmat.

Séð er til þess að bráðgerir nemendur geti haldið áfram í námi, hafi þeir lokið viðmiðum þess bekkjar sem þeir tilheyra og telja kennarar að samkennsla árganga auðveldi þeim að koma til móts við nemendur. Nemendur sem lokið hafa hæfniviðmiðum 10. bekkjar hafa tækifæri til að sækja nám í framhaldsskóla.

2.4 Skipulag náms


Nemendur grunnskólahluta Auðarskóla eru 81 talsins og kennt er í 4 námshópum og samkennsla árganga einkennir skipulag kennslunnar. Í 2.-4. bekk og 5.-7. bekk sjá yfirleitt tveir kennarar saman um kennslustundina. Mikið er um að kennarar hafi stuðning í kennslustundum, í 20 kennslustundum af 27 sem matsmenn sátu fylgdi stuðningsfulltrúi námshópnum.

Skólinn vinnur að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum en gæti þó nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum skólastigum til meiri fjölbreytni og nýsköpunar í kennsluháttum og styður stefna skólans um teymiskennslu og aldursblöndun þau tækifæri.

Eitt af því sem skoðað er í matinu er notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum.

Upplýsingatækni er eðlilegur hluti námsumhverfis nemenda í Auðarskóla. Nemendur nýta upplýsingatækni á ýmsan hátt í kennslustofunni við að afla þekkingar og leikni. Í tæplega helmingi tíma sem matsmenn sátu nýttu nemendur sér upplýsingatækni á einn eða annan hátt og má nefna sem dæmi þýðingarvél, orðabækur, ritvinnsluforrit og glærukynningar. Eins og fyrr segir er símanotkun nemenda með öllu óheimil í skólanum og því um að ræða tölvur eða spjaldtölvur þegar talað er um upplýsingatækni. Í þeim 27 kennslustundum sem matsmenn sátu nýttu kennarar aldrei upplýsingatækni í kennslu.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í vettvangsathugun unnu nemendur í 70% kennslustunda einstaklingsvinnu en í 22% unnu nemendur bæði einstaklingslega eða í samvinnu við aðra. Í 8% kennslustunda voru nemendur eingöngu í markvissri samvinnu við aðra nemendur. Stefna skólans styður vel við að lögð yrði meiri áhersla á að þjálfva samvinnu nemenda og kom sú ábending einnig fram í ytra mati 2012 (mynd 5).



Mynd 5. Námsathafnir

Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfarir í Mentor þar sem meðal annars eru skráð hæfniviðmið í hverju fagi. Einnig fara samskipti við foreldra fram með tölvupósti og/eða símtölum. Umsjónarkennarar senda vikulokabréf heim til nemenda í lok hverrar viku með upplýsingum um starf hvers stigs. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið þar sem nemendur mæta með foreldrum sínum og í þeim fer umsjónarkennari yfir námsframvindu og líðan viðkomandi nemanda.

Nemendur fá tilskyldan kennslustundafjölda á viku sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Kennslustundafjöldi nemenda á viku í hverri námsgrein er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla að mestu leyti hjá öllum árgöngum. Nemendur fá ríflega kennslu í íþróttum og sundi eða 40 mínútum meiri á viku en gert er ráð fyrir í öllum árgöngum. List- og verkgreinar eru kenndar í tímabilum í skólanum en fjöldi tíma í stundatöflu hjá 1.-7. bekk er undir viðmiðunum aðalnámskrár en ríflegur í 8.-10. bekk. Tónmennt hefur ekki verið kennd í nokkurn tíma en skólinn hefur nú brugðist við

með því að bjóða uppá samsöng á sal fyrir nemendur í 1.-4. bekk í viku hverri með aðstoð kennara tónlistarskólans.

Nemendum í 8.-10. bekk er gefinn kostur á að velja hluta af valgreinum á smiðjuhelgum sem eru tvisvar á hverjum vetri. Smiðjuhelgar eru unnar í samstarfi við Laugargerðisskóla, Grunnskóla Borgarfjarðar og Reykhólaskóla og fá nemendur tækifæri til að hafa áhrif á framboð valgreina. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga nemendur rétt á að velja allt að fimmtungi námstímans þegar komið er í 8. -10. bekk en skólinn nær ekki að uppfylla þann tíma.

Tónlistarnám fer fram á skólatíma nemenda þar sem þeir fara úr lögboðinni kennslu í tónlistarkennslu. Nemendur fara yfirleitt úr sömu kennslustund í hverri viku.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í þeim kennslustundum sem matsmenn sátu í vettvangsathugunum. Nemendur á unglingsstigi hafa aðgang að hæfniviðmiðum á Mentor en almennt virðast þeir ekki nýta sér það en þar liggja tækifæri í að efla námsvitund nemenda, þannig að þeir viti að hverju þeir stefni í hverju viðfangsefni eða verkefni fyrir sig. Mikilvægt er að kynna hæfniviðmið fyrir öllum nemendum skólans, til dæmis í upphafi hvers verkefnis eða kennslustundar.

Nemendur fá tvisvar á ári tækifæri til að fara í nemendasamtöl þar sem þeir meta frammistöðu sína í námi, fara yfir líðan og setja sér markmið um að bæta sig í námi og samskiptum. Í rýnihópaviðtölum við nemendur kom fram að þeir hafi ekki fengið markvissa kennslu og þjálfun í að setja sér námsmarkmið. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Nemendur telja að þeir fái sjaldan að velja viðfangsefni, útfærslu á verkefnum og námsaðferðum en hafi þeir val sé það oftast á milli tveggja til þriggja fyrirfram ákveðinna atriða. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir hafi helst val um námsaðferðir í myndmennt, valgreinum, smíðum og textílmennt og á það sérstaklega við nemendur á eldri stigum. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Nemendur þjálfast í meta eigið nám og vinnu. Þeir segjast oft taka þátt í sjálfsmati en fram kom í viðtölum að þeir gera sér almennt ekki grein fyrir hver viðmið um árangur eru né hvaða vinnu þeir þurfi að skila til að náð þeirri færni sem lagt er upp með.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Nemendur sitja í skólaráði og nemendaráði og telja að þeir geti haft áhrif á ákvarðanir sem teknar eru og sem dæmi nefndu þeir að tyggjó hafi verið leyft í skólanum og girðing hafi ekki verið sett utan um skólalóðina vegna þeirra aðkomu að málum. Nemendur í 4.-10. bekk fá einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í nemendakönnun sem lögð er fyrir ár hvert.

Að mati nemenda er það kennari sem segir þeim hvernig fundir gangi fyrir sig og að þeir eigi að koma með skoðanir á fundi en þeir fái ekki til þess sérstaka þjálfun og að fundir séu of fátíðir. Fram kom einnig hjá nemendum að þeir hafi fyrir nokkrum árum fengið tækifæri til að fara inn í námshópa og koma upplýsingum um ákvarðanir nefnda og ráða sem þeir eru kjörnir fulltrúar í á framfæri en að það hefði ekki verið markvisst gert í einhvern tíma. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum og hefur vellíðan í skóla aukist frá síðasta ári.
- Kennslufræðileg hæfni og fagmennska kennara var sýnileg í vettvangsathugun.
- Nemendur eru almennt virkir og áhugasamir í kennslustundum.
- Boðið er upp á nemendasamtöl tvisvar sinnum á skólaárinu.
- Stuðningur við nemendur er mikill og fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar.
- Fylgst er með árangri og framförum nemenda og halda kennarar utan um að skrá árangur í Mentor.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Komið er til móts við bráðgera nemendur.
- Nemendur nýta upplýsingatækni á ýmsan hátt í kennslustofunni.
- Samstarf er við aðra grunnskóla um valgreinar á unglíngastigi.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra og samræma námsvísa á námskrárvef skólans og í Mentor.
- Kynna betur hæfniviðmið og námsmat fyrir nemendum og foreldrum.
- Gera nemendum betur grein fyrir þeim hæfniviðmiðum sem þeir standa frammi fyrir.
- Tilgreina í námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttáð í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Vinna á markvissan hátt með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda.
- Skoða þarf niðurstöður Lesferils og finna leiðir til að efla lesfimi.
- Finna leiðir til að efla árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum með áherslu á stærðfræði.
- Gera betur grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá.
- Skólinn móti sér stefnu sem leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta.
- Nýta betur samþættingu námsgreina til meiri fjölbreytni og nýsköpunar í kennsluháttum.
- Gæta að því að fram komi í verkefnalýsingum hvaða hæfniviðmið nemendur séu að vinna með hverju sinni og að gera þeim grein fyrir hver viðmið um árangur eru.
- Leggja meiri áherslu á að allir nemendur skólans fái markvissa kennslu í setja sér markmið í námi og geri það reglulega.
- Leggja áherslu á að nemendur fái markvissa kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- Auka þarf markvisst samvinnu nemenda.
- Setja þarf meiri ábyrgð á nemendur varðandi val á viðfangsefnum, útfærslu á verkefnum og námsaðferðum.
- Skipuleggja betur tíma stuðningsaðila þannig að hann nýtist sem best.
- Gæta þarf þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.
- Tryggja öllum nemendum skólans tónmenntakennslu í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Huga þarf að því að nemendur í tónlistarskólanum missi ekki ávallt af kennslustundum í sama fagi.
- Sjá þarf til þess að upplýsingar um ákvarðanir nefnda og ráða sem nemendur eru kjörnir í séu aðgengilegar öðrum nemendum.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu og kom það skýrt fram hjá viðmælendum. Umfjöllum um innra mat skólans er að finna í starfsáætlun en einnig í sérstökum sjálfsmatsskýrslum skólans. Þar er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati og birtar eru upplýsingar um niðurstöður kannana sem lagðar eru fyrir ásamt áherslum skólaársins 2020-2021. Sett er fram áætlun með tímasetningum um mat ásamt leiðum að markmiðum og viðmiðum um árangur. Í starfsáætlun skólans er að finna langtímaáætlun innra mats skólans til ársins 2026 og tímasetningu matsþátta.

Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti. Fram að þessu hefur ekki tíðkast að stjórnendur meti kennslu og veiti endurgjöf á kennsluhætti. Ekki hefur farið fram markvisst mat á stefnu skólans.

Matsþættir síðasta skólaárs snéru annars vegar að líðan, þörfum, starfsanda og samstarfi og hins vegar að viðmóti, menningu og ytri tengslum. Svarendur voru foreldrar, starfsmenn og nemendur.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og matið er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Matið byggir á margvíslegum upplýsingum og gagnaöflunaraðferðum, svo sem könnunum sem skólinn leggur reglulega fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn ásamt samræmdum könnunarprófum, Lesferli og starfsmannasamtölum.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda og starfandi er teymi sem skipað er kennurum og stjórnanda. Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar, hafa ekki bein áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Skólaráði, þar sem allir hagsmunaaðilar sitja, eru kynntar niðurstöður kannana en það hefur ekki áhrif á hvaða leiðir eru farnar eða á framkvæmd matsins. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, nemenda og foreldra.

Samkvæmt áðurnefndri könnun Menntamálastofnunar svara tæplega 68% foreldra því til að þeir hafi ekki fengið kynningu á innra mati skólans, svo sem niðurstöðum úr foreldra- og nemendakönnunum.

3.3 Umbætur

Á heimasíðu skólans má finna skýrslur er fjalla um innra mat skólans. Þar koma fram grundvallar upplýsingar um matið. Greinargerð um innra mat fyrir skólaárið 2019-2020 liggur fyrir og í starfsáætlun eru matsþættir skólaársins 2020-2021 skráðir. Þar skortir þó á að fjalla markvisst um og meta að hve miklu leyti markmið skólans hafi náðst.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar á kennara- og starfsmannafundum og þá eiga sér jafnframt stað samræður um þróun og endurbætur. Fram kom í viðtölum við nemendur að þeir eru

ekki upplýstir um niðurstöður innra mats. Umræðum um innra mat og niðurstöður er ekki að finna í fundargerðum skólaráðs síðast liðinna ára.

Að mati viðmælenda í rýnihópum er brugðist fljótt við ef umbóta er þörf þó þær snúi ekki beint að þeim niðurstöðum sem fram koma í innra mati skólans.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægt og það er samofið daglegu skólastarfi.
- Mat á námi, líðan og framförum nemenda fer fram reglulega með formlegum og óformlegum hætti.
- Fyrir liggur langtímaáætlun um innra mat til ársins 2026.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, skimana og kannana við innra mat.
- Gagnaöflunarleiðir eru fjölbreyttar.
- Tímasettar áætlanir um innra mat ásamt viðmiðum um gæði er til staðar í áætlunum og tekið er fram hver markmið, viðmið, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og þátttakendur eru.
- Á heimasíðu skólans eru eldri matsskýrslur aðgengilegar.
- Niðurstöður innra mats eru markvisst kynntar fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Kynna formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum innra mat skólans.
- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Virkja foreldra og nemendur til undirbúnings og útfærslu innra mats ásamt umbóta og þróunarvinnu.
- Meta stefnu skólans reglulega með markvissum hætti.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.